

RÍKISENDURSKOÐUN

# Fjölmiðlanefnd

Endurskoðun 2021

Endurskoðunarskýrsla

September 2022

# Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Fjölmiðlanefndar fyrir árið 2021.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Fjölmiðlanefndar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur Fjölmiðlanefndar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.



Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyriræli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Fjölmiðlanefndar hefur ekki verið endurskoðaður áður.


# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2	7.1	Rekstrartekjur .....	11
1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2021 .....	4	7.2	Rekstrarkostnaður .....	11
2 Ábendingar og athugasemdir .....	5	7.3	Niðurstöður .....	11
3 Áhættumat og mikilvægi .....	6	8	Endurskoðun efnahagsliða .....	12
4 Fjárveiting og rekstur .....	7	8.1	Efnahagsreikningur .....	12
4.1 Fjárveitingar .....	7	8.2	Eignir .....	12
4.2 Rekstraráætlun .....	7	8.3	Eigið fé og skuldir .....	12
4.3 Niðurstaða .....	8	8.4	Niðurstöður/ábendingar .....	12
5 Innra eftirlit .....	9	9	Önnur atriði .....	13
5.1 Inngangur .....	9	9.1	Ársreikningur og staðfestingarbréf .....	13
5.2 Umfjöllun .....	9	9.2	Óhæðisyfirlýsing .....	13
5.3 Niðurstöður/ábendingar .....	9			
6 Fylgni við lög og reglur .....	10			
6.1 Inngangur .....	10			
6.2 Umfjöllun .....	10			
6.3 Niðurstöður .....	10			
7 Endurskoðun rekstrarliða .....	11			

# 1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2021



## Eigið fé í lok árs í m.kr.



## 2 Ábendingar og athugasemdir

Niðurstöður endurskoðunar hjá Fjölmiðlanefnd voru án athugasemda.

### 3 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi Fjölmíðlanefndar eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Fjölmíðlanefnd sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 1,9 milljónir króna. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan 6 Fjölmíðlanefnd – Endurskoðunarskýrsla 2021

lesenda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemda og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

## 4 Fjárveiting og rekstur

### 4.1 Fjárveitingar

#### 4.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting til Fjölmíðlanefndar vegna rekstrar samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2021 nam 91 m.kr. Þar var ekki gert ráð fyrir neinum rekstrartekjum. Til viðbótar fékk stofnunin millifærðar 0,5 m.kr. af almennum varasjóði vegna endurmats á launaforsendum fjárlaga 2021. Fjárveitingu vegna rekstrar að fjárhæð 11 m.kr. var breytt í fjárfestingarframlag í fjáruka-lögum. Tekjufærsla frestaðra tekna vegna afskrifta nam 1,4 m.kr. Endanlegt framlag úr ríkissjóði til nefndarinnar nam því 81,9 m.kr.

Í þús. kr.	Fjárveiting 2021	Rekstur 2021	Frávik 2021	Rekstur 2020
Rekstrartekjur	0	-2.173	2.173	-382
Launagjöld	59.700	60.850	-1.150	49.632
Önnur rekstrargjöld	20.800	33.091	-12.291	24.553
Afskriftir	1.407	1.407	0	779
<b>Samtals</b>	<b>81.907</b>	<b>93.176</b>	<b>-11.268</b>	<b>74.582</b>

Afkoma ársins hjá Fjölmíðlanefnd var neikvæð um 11,3 m.kr. á árinu sem skýrist einkum af hærri rekstrargjöldum en á áætlun. Rekstrarniðurstaða ársins var 18,6 m.kr. hærri en á fyrra ári.

#### 4.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Fjölmíðlanefnd fékk 0,3 m.kr. fjárveitingu til fjárfestingar eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2021. Að auki var fjárveitingu vegna rekstrar að fjárhæð 11 m.kr. breytt í fjárfestingarframlag eins og fram hefur komið hér að framan. Eignakaup stofnunarinnar námu 1,4 m.kr. á árinu 2021. Staða fjárfestingarframlags var neikvæð um 5,3 m.kr. í upphafi árs en að teknu tilliti til eignakaupa var staða fjárfestingarframlags í árslok 2021 jákvæð um 2,9 m.kr.

### 4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Gerð var rekstraráætlun fyrir árið 2021 og var hún færð inn í Orra.

### **4.3 Niðurstaða**

Á árinu var 11,3 m.kr. rekstrarhalli hjá Fjölmíðlanefnd. Uppsafnaður höfuðstóll var neikvæður um 2,7 m.kr. í lok árs 2021. Staða fjárfestingarframlags var jákvæð um 2,9 m.kr. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins (Orra).



# 5 Innra eftirlit

## 5.1 Inngangur

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá Fjölmíðlanefnd. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

## 5.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti Fjölmíðlanefndar voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla og reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi.

Fjölmíðlanefnd er í bókhalds- og greiðsluþjónustu ásamt launaþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

Framkvæmdastjóri áritar og samþykkir rafræna reikninga í gegnum Orra fjárhagskerfi ríkisins. Yfirlögfræðingur er einnig með prókúru og getur samþykkt og greitt reikninga í fjarveru forstöðumanns.

Ekki er notuð Vinnustund til að skrá viðveru starfsmanna en forstöðumaður skráir orlof og aðrar upplýsingar um starfsmenn.

Þar sem Fjölmíðlanefnd er í launaþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins þá eru þau með lesaðgang að launakerfinu og sér Fjársýslan um að skrá launaforsendur og breytingar í kerfið. Í samræmi við upplýsingar sem berast frá forstöðumanni framkvæmir launaafgreiðsla Fjársýslunnar launagreiðslur. Framkvæmdastjóri sér um að senda allt varðandi launaupplýsingar með tölvupósti til Fjársýslunnar og heldur utan um öll launagögnin á skipulagðan hátt í málaskrárkerfi Fjölmíðlanefndar.

Mánaðarlega fer forstöðumaður yfir rekstraráætlanir og rauntölur á mánaðaryfirlitum með því að bera saman helstu tölur.

## 5.3 Niðurstöður/ábendingar

Margir þættir eru til staðar hjá Fjölmíðlanefnd sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi fjármál nefndarinnar. Ekki eru neinar athugasemdir varðandi innra eftirlit.

## 6 Fylgni við lög og reglur

### 6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4. Eftirfarandi þætti voru skoðaðir sérstaklega.

### 6.2 Umfjöllun

#### 6.2.1 Ferðakostnaður og risna

Lítill ferðakostnaður var hjá Fjölmiðlanefnd á árinu en einungis var um kostnað að ræða vegna komu erlends fyrirlesara til Íslands. Reglum um greiðslu, bókun og samþykkt vegna ferðalaga á vegum ríkisins er fylgt.

Reglum um risnukostnað er fylgt hjá nefndinni.

#### 6.2.2 Opinber innkaup

Fjölmiðlanefnd hefur ekki formlega innkaupastefnu og eru innkaup ekki hár rekstrarliður hjá nefndinni. Fjölmiðlanefnd nýtir sér þjónustu Ríkiskaupa þar sem það á við.

#### 6.2.3 Innkaupakort

Innkaupakort er í notkun hjá Fjölmiðlanefnd og er það m.a. nýtt til kaupa á flugmiðum og smávöru til rekstrar svo sem kaffistofu o.fl. Bókun og merking reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins.

Inneign vegna endurgreiðslu VSK færir til eignar á viðskiptareikningi stofnunar við ríkissjóð

### 6.3 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að Fjölmiðlanefnd fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

# 7 Endurskoðun rekstrarliða

## 7.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Fjölmiðlanefndar árið 2021 námu 84,1 m.kr. samanborið við 78 m.kr. árið áður eða aukning um 6,1 m.kr. á milli ára. Rekstrartekjur skiptast þannig að fjárveiting nam 80,5 m.kr., framlög og ýmsar tekjur 2,2 m.kr. vegna umsýslu með fjölmiðlastyrkjum og tekjufærsla frestaðra tekna nam 1,4 m.kr.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og skoðun fylgiskjala. Endurskoðun rekstrartekna er án athugasemda.

## 7.2 Rekstrarkostnaður

Rekstrargjöld Fjölmiðlanefndar árið 2021 námu 95,3 m.kr. samanborið við 74,9 m.kr. árið áður, aukning var 20,4 m.kr. á milli ára.

### 7.2.1 Launakostnaður

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður nam 60,8 m.kr. á árinu 2021 en voru 49,6 m.kr. árið áður eða hækkun um 11,2 m.kr. Ársverk voru 3,9 hjá stofnuninni árið 2021 en voru 2,9 árið 2020. Laun á ársverk lækkuðu um 9% milli ára. Endurskoðun launagjalda fór fram með greiningum, úrtaksskoðun, fyrirspurnum og skoðun á ráðningarsamningum og öðrum gögnum til staðfestingar á útborguðum launum og er án athugasemda.

### 7.2.2 Önnur rekstrargjöld

Annar rekstrarkostnaður nam 33,1 m.kr. árið 2021 en var 24,5 m.kr. árið áður og hafði hækkað um 8,5 m.kr. eða 35%. Helstu kostnaðarliðir voru rekstrarvörur 2,6 m.kr., aðkeypt þjónusta 21,6 m.kr. þar af voru 17,3 m.kr. vegna sérfræðiþjónustu, afnotagjöld, leigugjöld og verkkaup voru 8,4 m.kr. og afskriftir námu 1,4 m.kr. á árinu 2021.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

## 7.3 Niðurstöður

Endurskoðun rekstrarliða Fjölmiðlanefndar er án athugasemda.

## 8 Endurskoðun efnahagsliða

### 8.1 Efnahagsreikningur

Í árslok 2021 námu eignir 23,7 m.kr., skuldir námu 26,5 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 2,7 m.kr.

### 8.2 Eignir

Eignfærsla fastafjármuna hefur verið gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignaskrákerfi Orra. Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna.

#### 8.2.1 Fastafjármunir

Fastafjármunir námu 7,6 m.kr. í árslok 2021 en voru 5,9 m.kr. í árslok 2020. Fastafjármunir samanstanda að mestu af húsgögnum, skrifstofubúnaði, tölvum, tækjum og áhöldum. Staða fastafjármuna er í samræmi við stöðu í eignarskrá kerfi Orra (FA) í árslok 2021.

#### 8.2.2 Veltufjármunir

Veltufjármunir í árslok 2021 námu 16,1 m.kr. samanborið við 29,9 m.kr. í árslok 2020 og höfðu því lækkað um 13,8 m.kr. Veltufjármunir eru kröfur á tengda aðila.

Krafa á ríkissjóð vegna orlofsskuldbindinga í árslok 2020 nam 2,9 m.kr. Krafan var færð árið 2017 sem áfallin skuldbinding í upphafi þess árs samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins í tengslum við samþykkt laga um opinber fjármál.

### 8.3 Eigið fé og skuldir

#### 8.3.1 Eigið fé

Höfuðstóll Fjölmiðlanefndar í árslok 2021 var neikvæður um 2,7 m.kr. en var jákvæður um 11,6 m.kr. í árslok 2020. Breyting á höfuðstól nemur 14,3 m.kr. eða sem nemur 11,3 tekjuhalla ársins 2021 og 3 m.kr. breytingu sem gerð var í lokafjárlögum á árslokastöðu fyrra árs.

#### 8.3.2 Skuldir

Skuldir námu 26,5 m.kr. í árslok 2021 samanborið við 24,3 m.kr. í árslok 2020 og höfðu hækkað um 2,2 m.kr. milli ára.

Skuldir samanstanda af 509 þús. kr. stöðu við tengda aðila, viðskiptaskuldir eru 9,6 m.kr., ýmsar skammtímaskuldir 5,9 m.kr. og frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda 10,5 m.kr.

Engin munur var á stöðu ógreiddra gjalda í AP og GL í árslok 2021. Viðskiptaskuldir voru allar uppgerðar í ársbyrjun 2022.

Ýmsar skammtímaskuldir námu 5,9 m.kr. í árslok 2021, þar er um að ræða orlofsskuldbindingu.

### 8.4 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun efnahagsliða Fjölmiðlanefndar er án athugasemda.

## 9 Önnur atriði

### 9.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf

Ársreikningur Fjölmiðlanefndar var undirritaður af framkvæmdastjóra 19. september 2022. Jafnframt var staðfestingarbréf stjórnenda vegna ársreiknings undirritað sama dag.

### 9.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Fjölmiðlanefnd.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 448 8800

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)